

Fjármála- og efnahagsráðuneytið

Minnisblað

Viðtakandi: Efnahags- og viðskiptanefnd
Sendandi: Skrifstofa fjármálamarkaðar
Dagsetning: 28.03.2019
Málsnúmer: FJR19011052
Bréfalykill: 3.7

Efni: Frumvarp til laga um breytingu á lögum um váttryggingastarfsemi og váttryggingasamstæðum

Efni: Athugasemdir fjármála- og efnahagsráðuneytisins vegna umsagna við frumvarp til laga um breytingu á lögum um váttryggingastarfsemi og lögum um váttryggingasamstæður.

I. Inngangur

Í minnisblaði þessu eru athugasemdir fjármála- og efnahagsráðuneytisins vegna umsagnar Fjármálaeftirlitsins, dags. 22. mars 2019, sem efnahags- og viðskiptanefnd hafa borist vegna frumvarps til laga um breytingu á lögum um váttryggingastarfsemi og lögum um váttryggingasamstæður (þskj. 1037 – 632. mál).

II. Tilefni lagasetningar

Með frumvarpinu er lagðar til breytingar á lögum um váttryggingastarfsemi og lögum um váttryggingasamstæður og vísast til almennra athugasemda frumvarpsins varðandi tilefni og nauðsyn lagabreytinganna og samantektar á meginefnis frumvarpsins.

III. Athugasemdir fjármála- og efnahagsráðuneytisins.

1. gr. frumvarpsins.

Ákvæðið er svohljóðandi í frumvarpinu:

Fjármálaeftirlitið setur reglur þar sem fram koma upplýsingar um áhættulausan vaxtaferil fyrir viðeigandi gjaldmiðla um besta mat váttryggingaskuldar vegna ársfjórðungslegra gagnaskila. Fjármálaeftirlitið birtir upplýsingar skv. 1. mgr. á vef sínum.

Reglur Fjármálaeftirlitsins byggjast á tæknilegum framkvæmdastöðlum Evrópsku váttrygginga- og lífeyrissjóðaeftirlitsstofnunarinnar sem eru teknar upp í EES-samninginn. Í umsögn Fjármálaeftirlitsins (FME) kemur fram að samkvæmt gildandi fyrirkomulagi við upptöku gerðanna í EES-samninginn myndu upplýsingarnar vera úreltar þegar kemur að því að FME innleiðir gerðirnar með reglunum. Því telur FME mikilvægt að lagaheimildin kveði á um að Fjármálaeftirlitinu sé heimilt að vísa til birtingar á framkvæmdareglugerðunum í Stjórnartíðindum Evrópusambandsins á ensku þannig að ekki þurfi að bíða eftir þýðingu á gerðunum og því að þær hafi áður verið teknar upp í EES-samninginn.

Ráðuneytið hefur ekki athugasemdir við breytingatillögu FME um að vísa til birtingar á framkvæmdareglugerðunum í Stjórnartíðindum Evrópusambandsins á ensku. Ráðuneytið telur þó rétt að vekja athygli nefndarinnar á því að þessi heimild til reglusetningar er óháð því hvort gerðirnar hafi verið teknar upp í EES-samninginn áður en reglurnar verða settar.

1. másl. 1. mgr. 152. gr. laga um váttryggingastarfsemi.

Í umsögn Fjármálaeftirlitsins er lagt til að orðalagi ákvæðisins verði breytt á þann veg að FME skuli skipa **allt að** þriggja manna slitastjórn til að sjá um slitameðferð váttryggingafélags svo ekki sé skylt að skipa nýjan aðila fyrir þann sem hættir í slitastjórn sökum þess að umfang slitanna hafi minnkað. Ráðuneytið hefur ekki athugasemdir við breytingatillögu FME.